

Póra Alberta Guðmundsdóttir, formaður:

## Skýrsla stjórnar á aðalfundi FKE 2. maí 2014

### Mót eftirlaunakennara á Norðurlöndum

Fyrsta verkefni stjórnar var þátttaka í móti norrænna eftirlaunakennara sem haldið var í Þrándheimi 15.-19. júní og vorum við sjö félagar sem sóttum þetta mót.

Norðmennirnir voru höfðingjar heim að sækja og dagarnir nýttir til hins ýtrasta enda Þrándheimur sögufrægur staður og hægt að fræða þátttakendur um margt.

Sumt kom okkur Íslendingunum kunnuglega fyrir sjónir bæði nöfn og fornar frásagnir enda mikil tenging við Þrándheim í okkar sagnaheimi.

Við höfðum líka það hlutverk á þessu móti að bjóða félögum okkar hingað til Íslands sumarið 2015 þar sem röðin er nú komin að okkur að vera gestgjafar.

Fundum við fyrir verulegum áhuga hjá mótsgestum að koma til Íslands, ekki síst hjá Norðmönnum enda er að koma í ljós að þaðan koma flestir þátttakendur nú í sumar.

Undirbúningur hófst þegar í byrjun árs 2014 og ekki veitti af þar sem fjöldi

ferðamanna hér á landi fer vaxandi. Ný stjórn tók við þar sem frá var horfið og

þakkar góða fyrirhyggju og undirbúningsvinnu. Sérstaklega fá þeir Hinrik og Emil kærar þakkir og Emil hefur reyndar stutt okkur og miðlað af reynslu sinni.

Að mörgu er að hyggja og telst mér að við höfum haldið 16 stjórnarfundum til þessa en að vísu þarf að ræða önnur mál jafnhliða.

Mótið hér í sumar verður haldið á Selfossi dagana 22.- 26. júní og mikið stendur til – meðal annars ferð um Suðurland, þá verður siglt til Vestmannaeyja og skoðunarferð farin til Reykjavíkur.

Lögð verður áhersla á náttúru Íslands og sérstöðu .

### Sumarferðirnar.

Að venju voru farnar tvær ferðir sem tókust með ágætum. 25. júlí var farið um virkjunarsvæði Þjórsár og Tungnaá: Búrfellsstöð skoðuð og ekið um allt virkjunarsvæðið.

Fræðandi og áhugavert var t.d. að skoða vindmyllurnar á Hafinu og gaman að eiga þar viðdvöl. Síðan var haldið í Árnes og þar kynntum við okkur Þjórsárstofu. Ókum þvínæst í Skálholt, sóknarpresturinn þar tók á móti okkur og lýsti staðnum og vorum við afar ánægð með þessa stund í kirkjunni. Að lokum snæddum við ágætan kvöldverð í Hótel Eddu á Laugarvatni. Í byrjun leit ferðaveðrið ekki sérlega vel út en eins og svo oft áður þegar við erum á ferð birti til og máttum við vel við una.

Við vorum líka sérlega heppin með fararstjóra því með í för var félagi okkar Hjörtur Þórarinsson og fór hann létt með að fræða okkur og skemmta á allan hátt.

Þátttakendur í þessari ferð voru 57

Þriggja daga ferðin fékk nafnið Samtíð og saga í Húnaþingi og var farin 15.-17. ágúst. Gist var í Reykjaskóla í Hrútafirði og þar fengum við alltaf kvöldverð. Þetta var hin skemmtilegasta og fróðlegasta ferð og margt að sjá og skoða. Allt gekk þetta vel þótt veðrið væri ekki alltaf eins og við hefðum kosið. Guðrún Lára fararsstjóri fór á kostum eins henni er lagið, þekkti nánast hverja þúfu og fékk heimamenn í lið mér sér hvar sem við fórum.

Tók til sinna ráða þegar rigningin útilokaði að við gætum tekið upp nestið okkar og leitaði skjóls í kirkjum tvisvar sinnum. Allt var þetta gert með samþykki umsjónarmanna og eiginlega ógleymanlegt að rifja upp þessar stundir í kirkjunum og að sjálf sögðu gengum við mjög vel um og sungum líka sálma ef ég man rétt. Það yrði of langt mál að telja upp allt sem við gerðum í þessari ferð en mig langar til að minnast á kvöldvöku sem hópurinn hélt í Reykjaskóla. Þar flutti Guðfinna Inga áhugaverða frásögn um Vatnsenda-Rósu og las ljóð eftir hana, gerði hún þetta sérlega vel og síðan sungu viðstaddir lög við texta Rósu og eitt af því skemmtilega var að í ferðahópnum voru ágætir söngvarar svo sem hjónin Guðfinna Dóra Ólafsdóttir og Rúnar Einarsson sem leiddu sönginn.

Á heimleiðinni fengum við fagurt veður og nutum þess vel. Komum við á bænum Steðja í Flókadal og skoðuðum íslenska bjórverksmiðju. Ókum síðan að Fossatúni, gengum þar um svonefndan Tröllagarð og margir fengu sér kaffi á þessu fallega stað.

Átti Guðrún Lára stóran þátt í hve fjöbreytt og eftirminnileg þessi ferð var. Ferðafélagarnir voru 48. Því miður urðu nokkrir að hætta við á síðustu stundu vegna veikinda.

Nú í sumar verða farnar tvær ferðir. Einsdags ferðin verður 16. júlí og þá förum við um Fljótshlíðina en komum við á völdum stöðum á leiðinni. Fararstjóri verður Hjörtur Þórarinsson

1. september leggjum við svo upp í langferð, fljúgum til Egilsstaða og höfum þar gistaðstöðu á Hótel Egilsstöðum í 3 nætur. Þaðan förum við svo dagsferðir um firðina og ökum síðan suðurleiðina heim 4. sept. Ferðskrifstofan Tanni á Egilsstöðum hefur verið okkur innan handar við skipulagningu á þessum ferðum og setjum við allt okkar traust á hana.

Nánari lýsing á þessum ferðum birtist í maí-fréttablaðinu okkar.

## **Fræðslu og skemmtifundirnir á Grand Hótel**

Þessir fundir hafa verið í föstum skorðum í vetur og að meðaltali hafa rúmlega 60 manns komið á hvern fund. Við fengum góða gesti til að fræða okkur og skemmta. Erna Indriðadóttir fyrrverandi fréttakona kynnti vefinn sinn sem hún nefnir *Lifðu núna*.

Hjörtur Þórarinsson sagði okkur frá lífshlaupi Fjalla-Eyvindar og greindi jafnframt frá því sem áhugamenn hafa gert til að halda minningu hans á lofti. Á Hjörtur þar stóran hlut að máli.

Á desemberfundinum las Kristín Steinsdóttir rithöfundur upp úr bók sinni

Vonarlandinu og EKKÓ-kórinn söng jólalög.

Guðrún Lára Ásgeirsdóttir sagði frá ferð sjö félaga úr stjórn FKE til Noregs sumarið 2014 og sýndar voru myndir frá Þrándheimi.

Í febrúar kom Guðmundur Ólafsson leikari og flutti okkur skemmtilega dagskrá um skáldið Davíð Stefánsson og söng vinsæl ljóð eftir hann.

Bókmenntaklúbburinn kom í mars með sína dagskrá.

Ingibjörg Júlíusdóttir og Valborg Baldvinsdóttir lásu upp úr eldri bókum, athyglisverðan fróðleik og Ragnheiður Jónsdóttir fór með þulur við góðar undirtektir. Árshátíð félagsins var haldin í mars. Þar söng EKKÓ-Kórinn og söngvararnir Stefán og Davíð skemmtu með söng og glensi.

### **Bókmenntaklúbburinn**

Þær Ingibjörg og Valborg hafa stjórnað starfi Bókmenntaklúbbsins í vetur með sóma og hafa fengið góða gesti til að kynna bækur sínar og spjalla við fundarmenn. Fyrir þessi störf er þakkað og vona ég að þær haldi áfram á næsta starfsári.

### **Tölvustarf.**

Gísli Ólafur Pétursson hefur sem fyrr tekið að sér tölvukennslu fyrir þá félagsmenn sem vilja styrkja færni sína á þessu sviði eða læra eitthvað nýtt.

Hann hefur jafnframt haldið utan um félagaskrá og sent upplýsingar og fréttabréf til allra þeirra sem gefið hafa upp netfang sitt.

Þá er hann eins konar hirðljósmyndari og skjalavörður félagsins og höfum við á nánast hverjum fundi fengið að líta nýjar og eldri myndir frá starfsemi félagsins. Þökkum við honum góð störf í félagsins þágu.

### **EKKÓ-kórinn**

EKKÓ-kórinn hefur starfað með miklum krafti í vetur undir stjórn Bjarts Loga Guðnasonar. Formaður kórsins er Guðfinna Inga Guðmundsdóttir og hefur hún haldið utan um hópinn með hlýju og dugnaði og fyrir þessi störf fá þau kærar þakkir.

Æfingar eru einu sinni í viku og aðsókn hefur aukist verulega. Nú eru 50 manns í kórnum og mæting venjulega mjög góð. Má segja að þarna sé vaxtrarbroddurinn í félaginu. Kórinn kemur alltaf tvisvar fram á skemmtunum félagsins, fyrir jólin og á árshátíðinni. Haldinn er söngdagur um miðjan vetur og sungið er fyrir eldri borgara á dvalarheimilum. Á hverju vori er farin dagsferð og þá komið við á dvalarheimilum eldri borgara og lagið tekið. Nú í júní mun kórinn koma fram á Selfossi og syngja fyrir norrænu eftirlaunakennarana.

Að lokum vil ég þakka ykkur, félagar góðir, fyrir tryggð og dugnað við að mæta á fundi og taka þátt í því starfi sem sem í boði er.

Félagar mínir í stjórninni fá alveg sérstakar þakkir fyrir ánægjulegt og gefandi samstarf.

\* \* \*